

**35. fundur skólanefndar haldinn Reykholtsskóla, Reykholti,  
mánudaginn 8. apríl 2024, kl. 15:30.**

**Fundinn sátu:**

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Sólmundur Magnús Sigurðarson, Harpa Sævarsdóttir, Hildur Hálfdanardóttir, varaformaður, sem stýrði fundi í forföllum formanns, Guðrún S. Magnúsdóttir, varamaður, Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg, Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Íris Anna Steinarrsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara, Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla, María Carmen Magnúsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólabarna, og Ásta Stefánsdóttir. Forföll boðuðu Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Hekla Hrönn Pálsdóttir og Ólöf Kristjánsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

**1. Reglur leikskóla Bláskógabyggðar - 2311003**

Tillaga að breytingum á reglum leikskóla Bláskógabyggðar, umsagnir foreldraráða.

*Sveitarstjórn vísaði tillögum að breyttum reglum til skólanefndar til umsagnar í nóvember s.l.*

*Á fundi skólanefndar 27. nóvember var tillögunni vísað til umsagnar foreldraráða. Umsögn hefur borist frá foreldraráði Bláskógaskóla Laugarvatni og er ekki gerð athugasemd við breytingarnar. Umsögn hefur einnig borist frá foreldraráði Álfaborgar, þar sem því er velt upp hvort hægt sé að leysa lengingu sumarorlofs starfsmanna með öðrum hætti en því að lengja sumarlokun úr fimm vikum í sex. Umræða varð um málið og farið yfir mönnun og skipulag skólastarfs.*

*Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breyttum reglum leikskóla verði samþykkt. Einnig að miðað verði við að 5 börn þurfi til að um aukinn vistunartíma verði að ræða, þ.e. eftir kl. 16.*

Guðbjörg Þóra vék af fundi kl. 16:00.

**2. Skóladagatal 2024-2025 - 2404052**

Tillögur að skóladagatölum Reykholtsskóla, Bláskógaskóla Laugarvatni og Álfaborgar.

*Skólastjórnendur gerðu grein fyrir skóladagatölum. Einnig var lögð fram umsögn foreldraráðs Álfaborgar. Í skóladagatölum leikskólanna er gert ráð fyrir sex vikna lokun í sumarfrí, sem er í samræmi við tillögu að breytingu á reglum leikskóla. Þar sem reglurnar hafa ekki hlotið samþykki sveitarstjórnar er skóladagatölunum vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar samhliða afgreiðslu á reglum leikskóla. Einnig er útfærslu á starfstíma leikskóla vegna vinnutímastyttingar vísað til sveitarstjórnar. Þeirri útfærslu sem var samþykkt í desember s.l. var ætlað að vera til reynslu og meta átti fyrirkomulagið eftir skólaárið.*

Sólmundur vék af fundi kl 17:00.

**3. Undanþágur í kennslustörf - 2404051**

Erindi mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 03.04.2023, varðandi breytt verklag við lausráðningar starfsmanna til kennslustarfa.

CPG

HS

JAS

GSM

HH

76

MM  
JBS

S/S

LS

*Bréfráðuneytisins til skólastjórnenda var lagt fram. Þar er lýst breyttu verklagi við lausráðningar.*

**4. Hljóðvist í skólum - 2404054**

Bréf frá umboðsmanni barna, dags. 18.03.2024, varðandi hljóðvist í skólum.

*Bréfið var lagt fram. Þar er skorað á sveitarfélög að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að bæta hljóðvist í leik- og grunnskólum.*

**5. Ytra mat á leikskóladeild Bláskógaskóla Laugarvatni 2022 - 2209036**

Umbótaáætlun fyrir ytra mat leikskóladeildar Bláskógaskóla og staðfesting Menntamálastofnunar, dags. 20.02.2024, á því að framvinduskýrsla leikskóladeildar Bláskógaskóla Laugarvatni hafi verið samþykkt.

*Gögnin voru lögð fram til kynningar.*

**6. Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna - 2109013**

Kynning mennta- og barnamálaráðherra, dags. 06.02.2024, um samhæfða svæðaskipan og svæðisbundin farsældarráð. Til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

**7. Húsnæði fyrir frístund Reykholti (Mosar 1) - 2404055**

Húsið Mosar 1 (fyrrv skólastjórabústaður) verður tekið undir starfsemi Reykholtsskóla og félagsmiðstöðvar. Til kynningar.

*Skólastjóri Reykholtsskóla gerði grein fyrir breytingum á húsnæðinu og fyrirhuguðum afnotum af því fyrir frístund, félagsmiðstöð og fleira.*

**8. Gjaldskrá leikskóla 2024 - 2310019**

Lækkun á gjaldskrá leikskóla - til kynningar.

*Lögð var fram breytt gjaldskrá leikskóla. Um er að ræða lækkun gjaldskrár vegna áskorunar Sambands íslenskra sveitarfélaga til sveitarfélaga í landinu vegna kjarasamningsgerðar.*

**9. Gjaldskrá frístundar 2024 - 2310016**

Gjaldskrá frístundar, lækkun. Til kynningar.

*Lögð var fram breytt gjaldskrá frístundar. Um er að ræða lækkun gjaldskrár vegna áskorunar Sambands íslenskra sveitarfélaga til sveitarfélaga í landinu vegna kjarasamningsgerðar.*

**10. Sumarfrístund 2024 - 2404056**

Staða undirbúnings að sumarfrístund, mönnun.

*Skólastjórar fóru yfir stöðu mála.*

**11. Skólaþjónusta Getu - 2404053**

Kynning á skólaþjónsutu Getu, erindi dags. 19.03.2024.

*Lagt fram til kynningar.*

GP

HS

SIS -  
JAS  
GSM

JMM -  
LBT

LS.  
HH

Fundi slitið kl. 17:20.

Hildur Hálfðanardóttir  
Hildur Hálfðanardóttir

Sólmundur Magnús Sigurðarson  
Sólmundur Magnús Sigurðarson

Guðbjörg Gunnarsdóttir  
Guðbjörg Gunnarsdóttir,

Lára B. Jónsd.  
Lára Bergljót Jónsdóttir,

Guðbjörg Þóra Jónsdóttir,  
Guðbjörg Þóra Jónsdóttir,

Guðrún S. Magnúsd.  
Guðrún S. Magnúsdóttir

Sveinn I. Sveinbjörnsson  
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Harpa Sævarsd.  
Harpa Sævarsdóttir

Lieselot Simoen  
Lieselot Simoen

Iris Anna Steinarsd.  
Iris Anna Steinarsdóttir,

M.M.  
María Carmen Magnúsdóttir,

Ástá Stefánsd.  
Ástá Stefánsdóttir